

**Mál nr. 252/2017****M****og****vátryggingafélagið V v/ málskostnaðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um tímafrest til að tilkynna um kröfu um bætur úr málskostnaðartryggingu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 28.7.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 24.8.2017, ásamt fylgigagni.

**Málsatvik.**

M hefur í gildi fjölskyldutryggingu hjá V, en málskostnaðartrygging er einn liður í fjölskyldutryggingunni. Með tjónstilkynningu 8.7.2016 gerði M kröfu um bætur úr málskostnaðartryggingunni. Segir í tilkynningunni að ágreiningur sem er tilefni kröfunnar snúist um erfðamál og er í því efni vísað nánar til gagna sem fylgdu tilkynningunni. Í tilkynningunni kemur einnig fram að ágreiningur hafi komið upp á árinu 2008 og sama ár hafi verið leitað til lögmanns. Með bréfi 27. júlí 2016 hafnaði V bótaskyldu úr vátryggingunni m.a. með vísan til gr. 10.3 í skilmálum vátryggingarinnar þar sem segir að vátryggður glati rétti sínum til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan eins árs frá því að hann vissi um þau atvik sem hún er reist á. Þar sem meira en ár sé frá því ágreiningur hófst og vátryggingartaki hafði möguleika á að tilkynna félaginu um málareksturinn hafni félagið bótaskyldu úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingarinnar. Í málskoti kveður M tilkynningarfreist ekki hafa hafist fyrr en um áramót 2015/2016 þegar ljóst var að skiptastjóri dánarbúsins tók sér skiptalaun sem að mati erfingja voru úr hófi. Með háttsemi sinni hafi búið orðið eignalaust og ljóst að erfingjar urðu hver um sig að bera sinn kostnað. Sú staðreynd hafi ekki legið fyrir fyrr en með úrskurði uppkveðnum 23. febrúar 2016. Ekkert í málinu hafi gefið tilefni til að tilkynna V um ágreininginn fyrr en reikningur skiptastjóra hafi legið fyrir og varð tilefni ágreiningsins og það hafi verið innan eins árs frestsins.

Nánari málsatvik eru þau að M er erfingi eftir A sem lést í mars 2008, en B, maki A lést í febrúar 2008. Dánarbúi A og B voru tekin til opinberra skipta með úrskurði í júní 2008 og var D, hæstaréttarlögmaður, skipaður skiptastjóri í báðum búunum. Hvort hjóna fyrir sig átti arfgenga niðja en enga sameiginlega. Ágreiningur reis með erfingjunum með frumvörp að úthlutunargerð úr báðum dánarbúunum. Úr þeim ágreiningi var leyst með úrskurði héraðsdóms 20. febrúar 2015, en áður hafði kröfu M og annarra erfingja A um frávísun málsins frá héraðsdómi verið hafnað. Hinn 4. júní 2015 beindu M og aðrir erfingjar A þremur tilgreindum ágreiningsefnum við D til úrskurðar héraðsdóms. Meðal ágreiningsefnanna var krafa þeirra um að úrskurðað yrði hvað teldist eðlileg og/eða sanngjörn þóknun skiptastjóra vegna skipta á dánarbúi A. Í úrskurði héraðsdóms, sem kveðinn var upp 23. febrúar 2016, kemur fram að á skiptafundi 28. apríl 2015 hafi D lagt fram nýtt frumvarp að úthlutunargerð í dánarbúi A. Í fundargerð frá fundinum hafi komið fram að erfingjar A hafi lagt fram bókun um að þeir samþykktu ekki frumvarpið þar sem ekki hafi verið tekið tillit til athugasemda þeirra sem fram komu í bréfi lögmanna þeirra frá 12. janúar 2015, en í því bréfi hafi þóknun skiptastjóra verið mótmælt sem of hárrí. Með fyrrgreindum úrskurði 23. febrúar 2016 var málinu vísað frá dómi. Hinn 3. október 2016 var áskorun beint til D af hálfu erfingja A og B. Segir í áskoruninni m.a. að erfingjar hafi verið mjög ósáttir við fjárhæð þóknunar hans og því væri „æskilegt að fá þá fjárhæð sundurliðaða svo freista megi þess að jafna þá tortryggni sem ósundurliðaður reikningur yðar hefur valdið“

**Álit.**

Eins og málskotið ber með sér er ágreiningur M og annarra meðerfingja hennar við D um þóknun hans vegna skipta á dánarbúi A það ágreiningsefni sem krafa um bætur úr málskostnaðartryggingunni takmarkast við. Af því sem fram kemur í úrskurði héraðsdóms frá 23. febrúar 2016 hafði sá ágreiningur þegar komið upp í byrjun árs 2015 eins og bréf til D 12. janúar það ár bar með sér líkt og áður getur. Á því tímamarki var M kunnugt um þau atvik sem krafa hennar um bætur úr

málskostnaðartryggingunni er reist á. Meira en eitt ár var því liðið þegar hún tilkynnti um kröfuna til V 8. júlí 2016. Með vísan til fyrrgreinds ákvæðis í gr. 10.3 í váttryggingarskilmálunum, sbr. og 1. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, hefur M glatað rétti sínum til bóta og á því ekki rétt til bóta úr váttryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 12. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.